

Vörubílar & vinnuvélar

ÞRIÐJUDAGUR 30. JANÚAR 2018

Kynningar: Vélfang, Vörubíla- & vinnuvélaverkstæðið ehf., Hýsi-Merkúr, Kraftur, Brimborg



„JCB á sér langa sögu hérlandis eða allt frá árinu 1963. Sennilega er JCB vinsælasta tegund vinnuvéla hér á landi, enda hafa þær gefist mjög vel í íslenskum aðstæðum,“ segir Sigurjón Stefánsson. MYND/ANTON BRINK

Leiðandi á sínu sviði

Vélfang ehf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum í sölu og þjónustu véla og vélbúnaðar til nota í fjölmörgum framleiðslu-, iðnaðar- og þjónustugreinum, að sögn Sigurjóns P. Stefánssonar sölustjóra. ➔2

Vélfang hefur starfað á sínu sviði um árabíl við mjög góðan orðstír, enda mikið lagt upp úr gæðum og góðri þjónustu. Eitt þekktasta vörumerki Vélfangs eru JCB vinnuvélar sem henta sérstaklega vel fyrir verktaka, bæjar- og sveitarfélög og bændur. Skotbómulyftarar frá JCB henta vel fyrir byggingar-, sjávarútvegs- og framleiðsluðnaðinn, ásamt vélum fyrir bændur.

Vinsælar vinnuvélar

„JCB á sér langa sögu hérlandis eða allt frá árinu 1963. Sennilega er JCB vinsælasta tegund vinnuvéla hér á landi, enda hafa þær gefist mjög vel í íslenskum aðstæðum. Salan hefur verið mjög góð í þessum vélum undanfarin ár og margar áhuga-verðar nýjungar komið fram. Þar ber hæst ný hönnun á hjólagrófum en JCB hannaði nýja vél frá alveg frá grunni sem heitir Hydradig og þykir afar vel heppnuð. Þessi vél er mjög stöðug og öflug og útsýnið í kringum hana er í sérflokki,“ segir Sigurjón P. Stefánsson, sölustjóri JCB véla hjá Vélfangi.

Fyrir stuttu fagnaði JCB 40 ára afmæli JCB Loadall skotbómulyftarans en JCB fann upp þessa gerð vinnuvéla árið 1977. „Fyrsti skotbómulyftarinn sem kom til Íslands var JCB 540 og kom í byrjun árs 1986. JCB skotbómulyftarar finnast nú um allt land í fjölbreyttri atvinnustarfsemi,“ segir Sigurjón.

Vel hannaðar hjólaskóflur


Þá þykja hjólaskóflurnar frá JCB með þeim allra best hönnuðu í dag. „Þær eru hraðvirkar, kraftmiklar, hljóðlátar og úr þeim er frábært útsýni,“ nefnir Sigurjón og bætir við að belta- og minigröfur frá JCB séu væntanlegar í nýjum búningi og útfærslum á árinu.

„Þær vélar sem eru líklega þekktastar af JCB vélunum eru traktorsgröfurnar JCB 3cx og JCB 4cx. Flestir hafa séð slíkar vélar að verki einhvers staðar á lifsleiðinni. Þessar vélar eru í stöðugri þróun og henta vel þar sem þarf að leysa fjölbreytt verkefni með einni vél, segir Sigurjón sem gefur traktorsgröfum JCB topppeinkunn.

Þá hefur Vélfang um árabíl verið með vörur frá Claas til sölu. Um er að ræða rótróíð en jafnframt framsækið þýskt fjölskyldufyrirtæki í framleiðslu landbúnaðarvéla. „Claas hefur sent frá sér margar nýjungar í vélbúnaði fyrir landbúnað og framleiðsla þeirra spannar nánast allt sem þarf til nútímalegs, vélvædds landbúnaðar,“ upplýsir Sigurjón.

Þýsk gæði

„Hjá Vélfangi fást einnig dráttarvélar frá Fendt en það vörumerki er af mörgum talið „Rollsinn“ í dráttarvélum. Þetta eru þýskar hágæðadráttarvélar og þekktar fyrir margar tækninýjungar, eins og t.d. variomatic-skiptinguna sem er talin ein sú allra fullkomnasta og öflugasta sem völ er á í dráttarvélum í dag,“ segir Sigurjón.



Hjá Vélfangi fæst svokallaður „Rotortilt“ sem mætti útleggjast sem úlnliður fyrir belta- og hjólagrófur.



Að sögn Sigurjóns hafa vélarnar frá JCB reynst vel í íslenskum aðstæðum. MYND/ANTON BRINK

Tæki frá MSB fást hjá Vélfangi en þau hafa getið sér gott orð fyrir styrk og endingu í fjölbreyttum og krefjandi verkum. MSB er frá Suður-Kóreu og framleiðir vökva-fleyga og margs konar önnur vökvaáhöld til notkunar við vinnuvélar af öllum stærðum og gerðum. MSB hefur verið á íslenskum markaði í allmörg ár og þjónað ánægðum viðskiptavinum, að sögn Sigurjóns.

Loks fást tæki frá Kinshofer hjá Vélfangi. „Kinshofer er þýskt/finnskt fyrirtæki sem framleiðir m.a. „Rotortilt“ sem á vondri íslensku mætti kannski kalla „úlnlið“ fyrir belta- og hjólagrófur. Frá Konshofer fást einnig vökvaklær, -krabbar, -skóflur og fleira fyrir vinnuvélar og vörubíla. Þetta eru mjög vönduð tæki og hafa reynst afar vel hjá vinnuvéla- og vörubílaeigendum,“ segir Sigurjón. Vélfang var valið framúrskarandi fyrirtæki 2017, þriðja árið í röð.

Nánari upplýsingar: www.velfang.is Vélfang ehf. er til húsa að Gylfaflöt 32, 112 Reykjavík.



Hjólaskóflurnar frá JCB þykja með þeim allra best hönnuðu í dag. MYND/ANTON BRINK



Útsýnið er eins og best verður á kosið.



Þýska fjölskyldufyrirtækið Claas hefur sent frá sér margar nýjungar í vélbúnaði fyrir landbúnað.



JCB er gæðamerki sem flestir þekkja. MYND/ANTON BRINK



MSB-brotfleygur vinnur á erfiðum verkum.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

PROACE

Ópreytandi bakhjarl



Verð frá: 3.990.000 kr.

Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á ópreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Kiddi rót keyrir strætó í Noregi

Kristinn T. Haraldsson, eða Kiddi rót eins og hann er betur þekktur, og kona hans, Jónína Prastardóttir, ákváðu að umbylta lífi sínu og flytja til Noregs. Kiddi ekur strætó í meðal-stórum bæ þar sem búa um 46 þúsund manns stutt frá Sandefjord þar sem hann býr.

Elín
Albertsdóttir
elin@365.is



Kiddi segist vera alsæll með þá ákvörðun að flytja út. Hann hafði rekið hamborgarastað í Hveragerði og síðan Mosfellsbæ. Bankahrunið kom illa við reksturinn og það endaði á því að Kiddi missti allt og stóð uppi gjaldþrota. „Það datt niður öll sala á veitingahúsum eftir hrunið. Eftir á að hyggja var glæfralegt að flytja staðinn í Mosfellsbæ,“ segir hann. „Ég var í Svíþjóð sem ungur maður og kunni eitthvað í sænskunni. Mér var sagt að það væri hugsanlega hægt að fá vinnu í Noregi svo ég skellti mér í rútupróf. Þótt ég væri með gamla meiraprófið hafði ég ekki keyrt rútur. Hins vegar keyrði ég flutningabíla í Bandaríkjunum þegar ég bjó þar í þrjú ár eftir að ég kom heim frá Svíþjóð. Ég keyrði átján hjóla truck á milli San Antonio og El Paso.

Á rútu á Laugaveginum

Eftir að ég lokaði hamborgarastaðnum í Mosfellsbæ fékk ég vinnu hjá vinum mínum hjá Iceland Excursions Allrahanda ehf. Fyrsta verkefnið var að keyra rútu niður Laugavegin. Það runnu nokkrir lítrar af svita niður eftir andlitinu þá,“ segir Kiddi og hlær. „Þetta var eldskirnin mín,“ bætir hann við. Eftir eitt ár í starfi var Kidda sagt upp störfum. „Ég ákvað að snúa við blaðinu, taka slaginn og fara til Noregs. Flutti fyrst einn út á meðan ég leitaði að húsnæði og vinnu. Þetta var um áramótin 2011-2012 og ég var síðasti móhikaninn áður en Norðmenn breyttu reglum og lokuðu landinu. Það mega allir koma til Noregs svo framarlega sem fólk er með norska kennitölu. Til að fá kennitölu þarf maður annaðhvort að hafa vinnu eða húsnæði. Til að fá húsnæði þarf maður kennitölu svo þetta er ekki auðvelt. Ég fékk svokallaða D-kennitölu og það tók mig þrjá mánuði að fá vinnu. Á meðan lifði ég á hafragraut og grenntist um 20 kíló enda átti ég ekki krónu,“ segir hann.

„Konan mín flutti hingað út þegar ég var búinn að fá vinnu. Hún fékk vinnu hjá matvæla-

fyrirtæki. Ég keyrði fyrst strætó í einum elsta bæ Noregs sem nefnist Tønsberg, en keyri nú í Larvik og nágrenni. Þessi bæ er mitt á milli Óslóar og Kristiansand. Það er einfalt fyrir okkur að taka ferjuna yfir til Svíþjóðar en þar er miklu ódýrara að versla í matinn en í Noregi. Það er ókeypis með ferjunni og fríhöfn um borð.“

Mikið regluverk

Norðmenn eru sparsamir og Kiddi segir að þeir geti verið erfiðir í umferðinni, séu til dæmis ekki gjafmildir á biðskylduna. „Hægri handar reglan er í fullu gildi. Ef einhver tekur réttinn frá þeim hika þeir ekki við að keyra áfram. Gangandi vegfarendur eiga líka alltaf réttinn og líta hvorki til hægri né vinstri. Norðmenn eru sömuleiðis með eitt mesta regluverk sem ég hef kynnst. Það er eiginlega allt bannað,“ segir Kiddi og bætir við að Noregur sé ein stærsta sveit í heimi. „Þetta var það fyrsta sem maður lærði en engu að síður er mjög gott að búa hér,“ bætir hann við. „Á Íslandi setjum við reglur til að brjóta þær. Slíkt er ekki liðið hér í landi. Fyrsta sem ég lenti í var þegar ég skaust út í búð og gleymdi að setja á mig bílbelti. Það eru alls staðar löggur í leyni og ég var stoppaður á þessari stuttu leið. Þeir meira að segja sýndu mér mynd til að sanna sekt mína en sektir eru himinháar. Þegar maður leggur bíl í bílastæði verður maður að vera fimm metrum frá gatnamótum, þeir koma og mæla. Ég reyndist eitt sinn vera með fjóra og hálfan metra og fékk sekt. Vegna þessa eru Norðmenn löghlýðnir í umferðinni og aka ekki yfir hámarkshraða.“

Góð lækniþjónusta

Kiddi segir samt margt gott við að búa í Noregi. Í lögum er ekki ætlast til að unnið sé meira en átta tíma á dag. „Allir fá mikilvægan tíma með fjölskyldu sinni. Það er frábært að vera með börn hér. Heilbrigðiskerfi er mjög gott og sömuleiðis öflug heilsugæsla,“ segir Kiddi og bendir á að hann hafi verið fluttur í sjúkrahús á spítala með „hjartavesen“, eins og hann orðar það. „Ég hélt ég fengi



Kiddi við strætóstýrið í lok vaktar. Hundurinn Birta er með í för en dýr mega vera í strætó í Noregi.



Kiddi og Jónína. Á bak við þau er sviðsmynd úr myndinni Baráttan um þungavatnið.



Þarna liggja reykingapeningarnir, segir Kiddi, en bátinn keypti hann eftir að hafa hætt að reykja.

svakalegan reikning en þurfti ekki að borga krónu, hvorki fyrir lækniþjónustu, lyf eða sjúkrabíl. Fólk getur hins vegar þurft að borga stórfé hjá sérfræðingi ef það er ekki með tilvísun frá heimilislækni.“

Kiddi segist ekki vera á leiðinni heim. „Við keyptum okkur hús hérna og sjáum í hvert skipti sem við borgum af því að lánið lækkar. Við finnum ekki mikið fyrir afborgunum. Ég er líka búinn

að kaupa mér spíttbát fyrir þá peninga sem ég eyddi áður í sigarettur. Vinnan mín er skemmtileg og hér í sveitinni vinka börnin strætóbilstjóranum og fólk er mjög kurteist.“

Engar skerðingar

Kiddi segir að rútubílstjórar í Noregi séu yfirleitt í eldri kantinum. „Menn mega keyra strætó til 67 ára. Þá hætta þeir og fara á eftirlaun en þeir geta fengið áfram-

haldandi keyrslu í tíu ár ef þeir vilja auk þess að halda óskertum eftirlaunum. Einn karl sem keyrir með mér og er kominn á eftirlaun á stóran búgarð í Taílandi og tekur sér tveggja mánaða fri yfir veturinn. Ég stefni á að verða norskur ríkisborgari og þá verð ég í góðum málum í ellinni. Við höfum fengið nýtt líf hér, okkur vantar ekkert og liður vel,“ segir Kiddi sem er mikill dýravinur og er bæði með hund og þrjá ketti.

555-8000 : velanaust.is

Automated Covering Systems

Aukið öryggi
Allra hagur

Yfirbreiðslur - Segl - Net - Margar útgáfur



Óstöðvandi við allar aðstæður.

Á fjórhjóladrifnum sendibíl frá Mercedes-Benz eru þér allar leiðir færar í starfi, hvernig sem viðrar. Fjórhjóladrif tryggir þér hámarksveggrip við krefjandi aðstæður sem skilar þér á áfangastað á öruggari, sparneytnari og þægilegri máta. Komdu í heimsókn á Fossháls 1 og skoðaðu úrvalið.

Vito, fjórhjóladrifinn, millilangur sendibíll, 138 hestöfl, sjálfskiptur 7 þrepa.

Verð frá 4.580.000 kr. án vsk.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.





Nýja húsið við Desjamýri verður rúmí 2.300 m² með tíu stórum innkeyrsluhurðum og gegnumkeyrslu í nokkrum þeirra.



Guðmundur Björnsson tók við rekstrinum árið 2007 en faðir hans, Björn Guðmundsson, stofnaði fyrir-tækið fyrir 30 árum.
MYND/VILHELM

Spennandi tímar fram undan

Í sumar mun Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið flytja í stórt og fullkomið húsnæði í Desjamýri í Mosfellsbæ. Verkstæðið verður vel tækjum búið og vinnuaðstaða starfsmanna til fyrirmyndar.

Vörubíla- og vinnuvéla-verkstæðið hefur þjónað atvinnutækjabransanum í tæp 30 ár. Fyrirtækið á sér því langa og góða sögu en það er fjölskyldu-fyrirtæki sem stofnað var af Birni Guðmundssyni. Sonur hans, Guðmundur Björnsson, tók við rekstrinum árið 2007. „Fyrirtækið hefur m.a. verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo frá árinu 2014 og erum við gríðarlega stolt af þeirri viðurkenningu,“ segir Guðmundur. Verkstæðið hefur verið til húsa í Tranavogi 3 undanfarin 20 ár en mun flytja næsta sumar í stórt og fullkomið húsnæði í Desjamýri 10 í

Mosfellsbæ. Það eru því spennandi tímar fram undan að sögn Guðmundar. „Mikil aukning atvinnubifreiða á markaðinum síðustu misseri kallar á aukna þjónustu og við munum svara því kalli með því að færa reksturinn í stærra og betra húsnæði og þannig bæta við þjónustubáttum. Til viðbótar við þá þjónustu sem við veitum nú þegar, sem er viðgerðir á aftanivögnum, munum við geta boðið upp á smurþjónustu fyrir stórar sem smáar vörubifreiðar sem og bilanagreiningu, viðgerðir og aðra þjónustu fyrir flestar tegundir vörubifreiða.“



Samheldinn hópur
Verkstæðið á nýja staðnum verður vel tækjum búið og vinnuaðstaða og starfsumhverfi starfsmanna eins og best verður á kosíð, segir Guðmundur. „Við teljum þann þátt mjög mikilvægan, þ.e. að starfsmenn finni sig örugga og að þeir finni að öryggi þeirra og hagar sé í

fyrirrúmi. Það mun skila sér í betri vinnubrögðum sem mun skila sér til ánægðari viðskiptavina.“
Hjá Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðinu starfar samheldinn og traustur hópur starfsmanna með áratuga reynslu í viðgerðum og þjónustu atvinnutækja. „Starfsmenn okkar hafa sérhæft sig í viðgerðum og þjónustu á hvers konar aftanivögnum og höfum við haft traustan og góðan viðskiptavinahóp sem margir hverjir hafa sótt til okkar þjónustu í áratugi. Enda leggjum við mikið upp úr persónulegri þjónustu og einfalt samskiptarferli til að tryggja sveigjanleika í

samskiptum. Við vitum að þessi atvinnutæki mega ekki vera stopp lengi vegna bilana og því höfum við alltaf lagt ríka áherslu á að ganga strax til verka og leyfa viðskiptavininum að fylgjast með framgangi verksins.“
Hann býður alla þá sem eiga eða reka atvinnubifreiðar og önnur atvinnutæki velkomna í nýja og glæsilega húsnæðið á komandi sumarmánuðum.

Frekari upplýsingar má fá með því að hringja í síma 588-4970 eða senda póst á info@vvehf.is.

Blóðkornin í æðakerfi neyslusamfélagsins

Trukkar eru einn mikilvægasti hluti flutningskerfis heimsins og ómögulegt að hugsa sér landflutninga án þeirra. Það má halda því fram að iðnaður, hvaða nafni sem hann nefnist, myndi lamast ef flutningabílstjórar heimsins tækju sig saman og legðu niður störf, þó ekki væri nema einn dag. Vörubílar eru því algeng sjón á hraðbrautum, hvort sem er í stórum meginlöndum eða litlum eyjum og því ekki úr vegi að kynna sér nokkrar staðreyndir um þessa hvali þjóðveganna, blóðkornin í æðakerfi neyslusamfélagsins.
Vörubílar ferja meira en sjötíu prósent alls varnings sem fer um Bandaríkin og 95 prósent þess varnings sem telst viðkvæmur eða hættulegur.
Vörubílstjórn er með erfiðari störfum í heimi og veikindatíðni vörubílstjóra einna hæst meðal starfsgreina. Þá eru vörubílstjórar einnig undir miklu vinnuálagi þar sem þeir eru stundum lengi fjarri heimilum sínum og þurfa að þræða viðsjárverða vegi.
Meðalvörubílstjórnin í Bandaríkjunum er karlkyns, þrjátíu og þriggja ára og býr í Flórída. Hann vinnur fyrir FedEx, keyrir kringum hundrað þúsund mílur á ári og á þrjár og hálfa milljón starfsbræðra í Bandaríkjunum. Einn af hverjum níu vörubílstjórum

í Bandaríkjunum á sinn eigin truck. Ekki nema milli fimm og sex prósent vörubílstjóra eru kvenkyns. En það er ekkert í starfinu sem krefst þess að karlmenn gegni því frekar en konur.
Fyrsti kvenkyns vörubílstjórnin hét Lillie McGee Drennan. Hún fékk réttindin árið 1929.
Fyrsta kvikmynd Steven Spielberg í fullri lengd hét Duel og var um baráttu milli ökumanns fólksbils og brjálaðs vörubílstjóra. Myndin var gerð fyrir sjónvarp en næsta leikstjórnarverkefni Spielbergs var svo Jaws.
Orðið truckur eða truck birtist fyrst í heimildum árið 1611 og vísaði þar til stórvirkra hjóla undir fallbyssum á skipum. Hundrað árum seinna var orðið notað til að lýsa vögnum sem voru ætlaðir til þungaflutninga.
Fyrsti vélknúni truckurinn var búinn til árið 1896 hjá Daimler verksmiðjunum í Þýskalandi.
Slysatiðni vörubíla er minni en mætti ætla, aðeins fimm hundruð þúsund slys í Bandaríkjunum árlega á móti 5,25 milljón slysum þar sem fólksbílar eiga í hlut. Í aðeins 2,4 prósentu tilfella lenda vörubíll og fólksbíll saman og í 84 prósentum tilfella er það bílstjóri fólksbílsins sem veldur slysinu.
Stærsti vörubílaframleiðandi í heimi er ekki bandarískur heldur japanskur. Isuzu-bíla-verksmiðjurnar framleiða 450.000 trukka á hverju ári.



Völubílstjórar keyra meira en hundrað þúsund mílur á ári í Bandaríkjunum.



Hér má sjá timburflutningavörubíl á ferðinni í New York fylki.



Hér má sjá vörubíl á leið á markað með tómata og gaman hvað flytjandi og hið flutta smellpassar í lit.



Hvað má bjóða þér?

Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki.

Við hjá Ratio bjóðum upp á nýja og nýlega sendiferðabíla til rekstrarleigu.

Bílarnir okkar eru af öllum stærðum og gerðum svo þú ættir hæglega að geta fundið þann sem hentar þínum rekstri. Með rekstrarleigu þarftu ekki að reiða fram háar fjárhæðir eða taka stór lán. Áhættan á endursölu er engin og óvæntur viðhaldskostnaður hverfur.

Viðskiptavinum okkar stendur einnig til boða hagstæð leiga á byggingarkrönum, vörubifreiðum, vinnuvélum og öðrum atvinnutækjum.

Frá upphafi höfum við haft það að leiðarljósi að stunda skynsöm og milliliðalaus viðskipti við erlenda birgja. Þannig höldum við leiguverði til viðskiptavina í lágmarki.



Langt út fyrir þægindarammann

Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur lauk meiraprófi í lok síðasta árs. Henni fannst ekki auðvelt að setjast undir stýri á stórri rútu en segir æfinguna skapa meistarann.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég hef starfað við hjúkrun um árabíl en langaði að víkka út sjóndeildarhringinn og lauk prófi sem leiðsögumaður frá Leiðsöguskólanum í Kópavogi árið 2013. Síðan þá hef ég oft hugsað um að taka meiraprófið og lét loksins verða af því í desember í fyrra. Það eykur atvinnumöguleika leiðsögumanna að hafa það upp á vasann,“ segir Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir sem hefur tekið að sér að leiðsegja ferðamönnum á sumrin.

Upphaflega hafði hún hugsað sér að taka próf á litla rútu en ákvað að láta slag standa og taka meirapróf á stóra rútu. „Fyrst fór ég í bóklegt nám en þegar prófi í bóklega hlutanum er lokið má byrja á verklega hlutanum. Ég varð að fresta prófinu um nokkra mánuði vegna anna í vinnu en mæli heldur með að gera þetta allt á svipuðum tíma,“ segir Helga Sæunn.

Öðlaðist öryggi með tímanum

Þegar fyrsti ökutíminn rann upp leist Helgu Sæunni ekkert á blikuna og hún hugsaði um að hætta við. „Ég hélt það væri erfitt að læra að aka rútu og ég komst að því að það var erfitt. Það er ekki svo auðvelt að keyra svona stórt farartæki og það tók mig tíma að átta mig á stærðinni, hvar hjólbardarnir eru nákvæmlega staðsettir og hvernig á að taka beygjur. En þetta lærðist allt saman og öryggið kom með tímanum. Ég var stundum að deyja úr hræðslu,“ viðurkennir Helga Sæunn hlæjandi en hún er ánægð með að hafa lokið meiraprófinu. „Ég fór langt út fyrir þægindarammann og það var mikill sigur,“ segir hún ánægð með áfangann.

Áfangi að aka til Reykjavíkur

Fedgarnir Sigurður Gíslason og Egill Rúnar Sigurðsson hjá Ökuskóla SG sáu um kennsluna. „Þórir Schiøth, maðurinn minn, tók meiraprófið á sama tíma og ég en hann hefur mikinn áhuga á bílum. Í fyrsta tímanum var ég satt að segja handviss um að ég gæti þetta ekki en svo ók ég af stað og fór í fyrstu hægt og rólega. Kennslan var uppi á Keflavíkurflugvelli þar sem herinn var með aðstöðu á sínum tíma. Þar er gott æfingasvæði og smám saman fór ég að öðlast meira öryggi við aksturinn,“ segir Helga Sæunn glæðlega en hún æfði sig að keyra niður í miðbæ Keflavíkur, út í Sandgerði, í Bláa lónið og upp á Keflavíkurflugvöll þar sem hún lærði að leggja rútu í staði. Það var síðan stór áfangi að keyra til Reykjavíkur í borgarumferðina.

Helga Sæunn byrjar í nýju starfi á morgun sem hjúkrunarstjóri í Sóltúni og ætlar því að biða með að keyra rútur á næstunni. „Ég vil einbeita mér að nýja starfinu en ég er sérlega ánægð með að vera komin með meiraprófið. Ég get vel hugsað mér að keyra minni rútur eða jeppa og fara með litla hópa í ferðir um landið. Við hjónin vorum að hugsa um að fara saman með hópa í ferðir og það væri gaman að prófa það seinna í vetur eða í sumar, ef tími gefst til.“



Þegar fyrsti ökutíminn rann upp leist Helgu Sæunni ekkert á blikuna og hún hugsaði um að hætta við. MYND/ERNIR

Vinnupjarkar

Þýsk og japönsk gæðavara

Weycor AR65e
 þyngd 5150kg
 vél: Deutz (vatnskæld)
 54KW (73hö)

Hanix H27DR
 þyngd 2825kg
 vél: Kubota
 14.4KW (19hö)

Til sjós eða lands

Við græjum það

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opið 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833

SKYJACK **VICARIO** niftylift

HVAÐ TEKUR ÞÚ Í BEKK?

SKYJACK SJ 3220 TEKUR 408KG



SKYJACK SJ 3220

VINNUHÆÐ 8,10 METRAR

HÆÐ Á PALLI 6,10 METRAR

1.990.000 kr. + vsk

Vinnulyftur ehf.
Sími 519 2210
vinnulyftur@skyjack.is
www.skyjack.is

SKYJACK
simply reliable

V
VINNULYFTUR

SÍÐAN 1993





ARMAR

VIÐ BYGGJUM Á REYNSLUNNI!

Armar er stærsta leigufyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið leigir út tæki, bíla og fjölbreyttan vélakost til byggingariðnaðarins og leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og heildarlausnir fyrir hvers kyns framkvæmdir – hvar á landi sem er.



VINNULYFTUR

Tækjaflotinn telur í dag rúmlega fjögur hundruð vélar, m.a. skæralyftur, spjótlyftur, lyftara, skotbómulyftur, rafstöðvar og önnur smærri tæki. *Armar er umboðsaðili Genie vinnuvéla á Íslandi.*



MÓT&KRANAR

Með fjölbreytt úrval byggingakrana, steypumót og steypuþhluti eru Armar leiðandi í útleigu og sölu á efni til bygginga- og steypuframkvæmda. *Armar er umboðsaðili Peri á Íslandi.*



JARÐVÉLAR

Armar bjóða til leigu stórar hjóla- og belta-gröfur, ýtur og búkollur fyrir stærri mannvirki á borð við virkjanir, álver og gangnagerð.



BÍLAR

Bifreiðar frá *Toyota Íslandi* og *BL ehf.*, eru í boði á hagstæðri rekstrarleigu. Bílarnir eru flestir sérútbúðir til að geta nýst verktökum við íslenskar aðstæður og á alls kyns vegum.

Klúbbsamloka í nestisboxið

Í dagsins önn vill stundum gleymast að huga að hollustunni, ekki síst þegar fólk er mikið á ferðinni. Klúbbsamloku með góðu áleggi má útbúa með stuttum fyrirvara og taka með í nesti.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Klúbbsamloka er ein vinsælasta samloka í heimi. Hún er oftast búin til úr premur lögum af ristudum brauði með ýmsu góðgæti á milli og er sérlega matarmikil. Oftast eru brauðsneiðarnar smurðar með heimagerðu hvítlauksmajonesi og síðan er settur kjúklingur eða kalkúnn og kál á fyrsta lagið. Á annað lagið koma síðan tómatar, steikt beikon og ostur. Samlokann er ósjaldan skorin í fjóra parta, kokteilpinna stungið í hana til að halda henni saman og hún síðan borin fram.

Klúbbsamlokunni má auðvitað breyta og bæta að smekk hvers og eins. Skipta má út áleggi, nota aðra sósu og hvaða brauð sem er. Nútímaútgáfan af klúbbsamloku samanstendur af tveimur góðum brauðsneiðum með alls konar áleggi á milli. Þá er klúbbsamloka fyrir grænkeru ekki síðri en sú hefðbundna. Hún getur verið útbúin með hummus, spínati og avókadói og smurð með sinnepi í staðinn fyrir hvítlauksmajonesi.

Hvaðan er klúbbsamlokan?
Talið er að hin eina, sanna klúbbs-

samloka eigi rætur sínar að rekja til Union-klúbbsins í New York en borgin er sannkölluð Mekka samlokunnar. Union-klúbburinn var opnaður árið 1836 og er þar með elsti einkaklúbburinn í borginni og sá þriðji elsti í Bandaríkjunum. Á matseðlinum var samloka sem kallaðist Union-klúbbsamlokan og má gera ráð fyrir að þaðan komi nafnið. Önnur saga segir hins vegar að klúbbsamlokan góða komi frá Saratoga Springs klúbbum en þar var stundað fjárhættuspil á síðari hluta 19. aldar.

Hvaðan svo sem klúbbsamlokan kemur upprunalega er ljóst að brauðmeti af þessu tagi hefur verið á matseðli margra bandarískra veitingastaða allt frá árinu 1899.

Klúbbsamloka í nútímabúningi

3 sneiðar gróft brauð, ristaðar
Grænt pestó
1 tómatur
Lambakál eða romaine salat
Basil
Góð spægipylsa í sneiðum
Avókadó í sneiðum
Rauðlaukur, sneiddur
Paprika, skorin í bita
Kjúklingabringa, grilluð og sneidd
Ostur



Heimagerð klúbbsamloka hentar vel í nesti.

Smyrjið pestói á eina brauðsneið. Raðið tómötum, káli, basil og spægipylsu á sneiðina. Smyrjið aðra brauðsneið báðum megin með pestói og leggið ofan á. Setjið avókadó, papriku, rauðlauk, kjúkling og ost á brauðsneiðina. Smyrjið loks þriðju sneiðina og leggið ofan á. Skerið í tvennt og njótið!

lðnaðarmenn, verktakar og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi, stórar sem smáar!




Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201,612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169,355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, 205x109, mál: 5x30cm. Verð kr: 120,888,- án vsk.



Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI



westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.



Söluaðilar

Toyota Kaptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500



Björn Viðar Ellertsson, Kristófer S. Snæbjörnsson, sölustjóri véladeildar Merkúr, og Rúnar Tómasson frá Mölun ehf. MYND/STEFÁN

Stendur á Hverfisgötu og rífur hús við Laugaveg

Véla- og tækjadeildin Merkúr er umboðs- og þjónustuaðili Liebherr krana og vinnuvéla á Íslandi. Fyrsta verkið á nýju ári var að taka á móti sannkallaðri niðurrifsvél sem á tæpum mánuði hefur sannað gildi sitt.

Liebherr R950 Demolition segir leikmanni eflaust ekki margt eitt og sér en líkast til mun hver sá sem vélin augum lítur stoppa um stund og fylgjast með þegar henni beitt. Þar er um að ræða spánnýja sérhæfða niðurrifsvél sem véla- og tækjadeildin Merkúr flutti inn og afhenti Mölun ehf. í upphafi árs. Vélin má þessa dagana finna á framkvæmdasvæðinu við gatnamót Hverfisgötu og Barónsstígs þar sem unnið er að niðurrifi og uppbyggingu.

„Þetta er mjög sérhæft tæki og hefur reynst afskaplega vel þennan tæpan mánuð sem það hefur verið í notkun,“ segir Pétur Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Mölunar. Félagið Mölun er tiltölulega nýstofnað og að því standa tvö jarðvinnufyrirtæki, Ellert Skúlasson og Borgarvirki. Pétur segir að hugmyndin með Mölun sé að leggja áherslu á niðurrif bygginga og endurvinnslu á niðurrifinu inni á framkvæmdasvæðum. „Það er svolítið nýtt í þessu, endurvinnslan, og í því felst að byggingarnar eru ekki keyrðar burtu eftir niðurrifið heldur unnið með þær á staðnum, þær malaðar niður og notaðar sem fyllingar efni. Það sparar tíma og kostnað auk þess sem það er umhverfisvænna, enda þarf ekki að keyra með allt efni burtu á urðunarstað með tilheyrandi kostnaði.“

Niðurrifsvélin nýja gegnir þarna lykilhlutverki. Hún er með langarma bómu sem nær allt að 25 metra hæð og getur teygst sig 16 metra yfir og inn

- 25 metra niðurrifs-bóma
- Fjórar myndavélar
- Vatnsúðunarkerfi
- Færanlegt hús með undirþrýstingskerfi
- Likufix hraðtengi
- Vökvabreikkanlegur undirvagn

í byggingar. „Það eru kannski ekki mjög margar háar byggingar á Íslandi en það þarf stundum að ná svolítið langt, og inn í byggingarnar, og þar kemur tækið að góðum notum.“ Eins og gefur að skilja er erfitt fyrir vélamanninn að sjá úr sæti sínu þegar hann er að teygja bómuna inn í byggingar og þar spilar myndavélabúnaður R950 Demolition stóra rollu. „Já, það eru myndavélar framan á bómunni þannig að hann situr bara rólegur inni í vélinni og fylgist með á skjá,“ segir Pétur. Vélin er að auki afhent með hefðbundinni mokstursbómu, þannig að vélin nýttist einnig í hefðbundna jarðvinnu.

Myndavélakerfið er ekki eini aukabúnaðurinn sem léttir stjórnanda niðurrifsvélarinnar lífið því hún er einnig útbúin sérstöku hraðtengi sem gerir það að verkum að stjórnandinn þarf ekki að yfirgefa vélini til að tengja og aftengja þau töl sem hann notar hverju sinni, og þau geta



Liebherr R950 Demolition er sérhæfð niðurrifsvél. MYND/STEFÁN

verið mörg. „Það er gríðarlegur tíma-sparnaður sem fylgir þessu og verður til þess að maðurinn sem er á vélinni notar rétt tæki við réttar aðstæður. Hann skiptir auðveldlega á milli í stað þess að halda áfram með tiltekið tæki, sem hentar kannski ekki, vegna þess að hann nennir ekki út til að skipta um.“ Sem dæmi um þessi töl og tæki, svonefnda kjafta, má nefna steypuklippur, stálklippur og vökvafleyga.

Enn fremur má nefna að í R950 Demolition er fullkomið vatnsúðunarkerfi. „Það geta alltaf verið óþægindi fyrir íbúa ef verið er að rífa niður á þéttbýlum svæðum, eins og í Reykjavík. Fólk býr náttúrulega

nálægt framkvæmdasvæðum og þá verður að taka tillit til þeirra. Þá nýttist vatnsúðunarkerfið því við tiltekna aðstæður myndast mikið ryk við niðurrif og með kerfinu er hægt að drepa það niður,“ segir Pétur en tekur jafnframt fram að vatnsúðunarkerfið sé meira notað í öðrum og þurrari löndum.

Spurður hvort niðurrifsvél sem þessi myndi ekki gagnast Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vel þegar berjast þarf við eld og komast nær upptökum hans, til dæmis með því að rjúfa þök og brjóta niður vegg, segir Pétur það vissulega rétt og útilokar hann ekki að Mölun muni taka jákvætt í það ef erindi berst frá

Ein á Íslandi

Aðeins er ein Liebherr R950 Demolition á Íslandi og er hún í eigu Mölunar ehf. Algengt er að framleiðendur breyti beltagröfum í niðurrifsvélar en R950 Demolition er hönnuð frá grunni sem niðurrifsvél af Liebherr-samsteypunni sem er fjölskyldufyrirtæki stofnað í Þýskalandi árið 1949. Liebherr er orðinn einn stærsti og virtasti vinnuvélaframleiðandi heimsins og er Hýsi-Merkúr hf. umboðs- og þjónustuaðili Liebherr á Íslandi.

slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins um samvinnu í neyðartilvikum.

Sem áður segir er niðurrifsvél Mölunar í notkun á framkvæmdasvæðinu við gatnamót Hverfisgötu og Barónsstígs. Þessa dagana er hún hins vegar notuð til að rífa niður hús sem stendur við Laugaveg. „Já, það er rétt. Hún stendur á Hverfisgötu og rífur hús við Laugaveg.“

**STYRKUR
& ÁREIÐANLEIKI**



**SÖLUHÆSTU
SMÁGRÖFUR Á ÍSLANDI**

**2015
2016
2017**



Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is



Fallegar vélar og skemmtileg tæki

Gísli Birgir Gíslason er mikill áhuga- maður um vinnu- vélar, einkum þó af eldra taginu. Hann heldur úti síðunni Vinnuvélar og vörubílar (atvinnu- tæki) til sölu eða óskast og er einnig stofnandi síðunnar fornvel.is.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Ég starfa hjá Íslenska gáma- féluginu á Reyðarfirði og vinn við akstur og vinnu á ýmsum vinnuvélum,“ segir Gísli. Þar sem hann starfar í þessum geira fannst honum vanta síðu sem fjallaði eingöngu um vöru- bíla, gröfur, sendibíla og slíkt. „Ég er stundum að dunda mér á netinu á kvöldin og dettur þá oft í hug að búa til síður sem tengjast bílum og vinnuvélum. Ég bjó til síðu sem heitir Gamli bílar 20 ára og eldri og það er um 17.000 manns á þeirri síðu og seinna bjó ég til síðuna Vörubílar og vinnu- vélar.“ Gísli hefur einnig mikinn áhuga á gömlum dráttarvélum og stofnaði meðal annars Fornvéla- félag Íslands.

„Ég hef aldrei verið neitt í kringum dráttarvélar en fékk ein- hvern áhuga á þessu þegar ég sá einu sinni vél sem mig langaði að gera upp,“ segir Gísli. „Þetta var gamall traktor sem stóð á hlaðinu hjá bónda í Skorradalnum og afturhlutinn var kominn á kaf ofan í drullu og ég sá ekki betur en að vélin myndi hverfa ofan í jörðina ef ekkert yrði að gert. Ég falaðist eftir þessari vél og var til í að borga fyrir hana. Ég sat lengi og ræddi við eigandann en svo kom í ljós hann vildi ekki selja vélina og sagðist ætla að gera hana upp sjálfur. Ég hef svo keyrt þarna fram hjá nokkrum sinnum og vélin stendur enn þá á nákvæm- lega sama stað nema hún sekkur



Gísli ásamt dóttur sinni á dráttarvélasýningu á Hvolsvelli 2012.

bara alltaf dýpra og dýpra í drull- una. En þarna var ég kominn með einhverja dráttarvélabakteríu og svo leiddi eitt af öðru.“

Í framhaldinu stofnaði Gísli vef- síðuna fornvel.is og í framhaldi af því Fornvélafélag Íslands. „Eftir að ég byrjaði með þessa vefsíðu fann ég fyrir miklum áhuga á dráttar- vélum og ákveð að stofna félag. Jötunvélar lánuðu mér aðstöðu til að vera með fund og það mætti ótrúlega mikið af fólki, 50-60 manns, og þar var félagið stofnað. Ég var að lenda í því að menn voru að hringja í mig og héldu að ég væri alvitur um dráttarvélar svo ég þurfti að fara að gúggla og finna út

úr þessu fyrir þá. Síðan voru gerðir diskar um dráttarvélar þar sem ég aðstoðaði Hjalta Stefánsson með efnið. Þannig að það er heilmikið líf kringum þessar gömlu vélar.“

Gísli hefur dregið sig að mestu út úr Fornvélafélaginu en hefur samt enn þá brennandi áhuga á dráttarvélum. „Þetta eru mjög fallegar vélar og skemmtileg tæki, ég var með eina heima einu sinni sem var gangfær og ég setti hana oft í gang og keyrði um göturnar. Svo á ég líka fullt af myndum af dráttarvélum. Maður er náttúrlega með vinnuvéladellu. Það er ekki að ástæðulausu að maður vinnur við að keyra þessar vélar.“



Fyrir: Deutz F1L612, 11 hestafla dráttarvél í eigu Jóhanns Ævarssonar, vinar Gísla. „Við fundum þessa vél úti í móa og hún var ekki upp á marga fiska en hún var gerð upp skráfu fyrir skráfu.“



Eftir: Deutz F1L612 eftir yfirhalningu. Gísli sprautaði þessa vél alla nema bretti og húdd. Vélin er gangfær í dag.



Lanz Alldog dráttarvél með skúffu árgærd 1957 sem er nú komin undir þak og biður þess að verða gerð upp.



VélRás
www.velras.is



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI • ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐ



**VIÐGERÐIR
VARAHLUTIR
ÞJÓNUSTA**

**Sími
555 6670**

Framúrskarandi til framkvæmda



Claas framleiðir breiða línu dráttarvéla frá 75 - 530 hestöfl.



CLAAS

FENDT

JCB



JCB afl og ending og óviðjafnanleg vinnuaðstaða.



KUHN

Kverneland

MSB CORPORATION
MASTER OF SUPER BREAKERS



Fendt er leiðandi framleiðandi dráttarvéla fyrir verktaka og sveitarfélög.



KINSHOFER
crane and excavator attachments

REDROCK

STEINBAUER



Kinshofer rototilt



OBE Sturtuvagnar í öllum stærðum

Samson

McCOMEL

Original Implements



VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frotagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is • Finndu okkur á Facebook



Framúrskarandi
fyrirtæki

Það sem bílstjórar þurfa að varast

Eygló Traustadóttir starfar hjá Sjúkráþjálfun Íslands. Hún segir nokkuð algengt að bílstjórar leiti til hennar með bakverki sem er algengur kvilli. Sömuleiðis eru margir stífir í herðum og hálsi.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Eygló segir að atvinnubílstjórar þurfi að huga að ýmsu varðandi líkamlegt heilbrigði. „Þeir þurfa helst að huga að því hvernig þeir sitja og hversu lengi í einu en það eru þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á stoðkerfið og álagsverki. Það skiptir miklu máli að stoppa reglulega og standa upp, gera jafnvel nokkrar léttar blóðflæðisaukandi æfingar og teygjur áður en haldið er af stað aftur. Vinnustaða bílstjóra er mjög einhæf og mikilvægt að álag á líkamann sé sem minnst og hagkvæmast. Þá getur skipt öllu máli að sætið sé rétt stillt og veiti þann stuðning og dempun sem þarf,“ segir hún.

Þegar hún er spurð hvort þeir geti gert eitthvað sérstakt til að forðast vöðvabólgu, svarar hún því játandi. „Bílstjórar ættu að athuga staðsetningu handa á stýrinu og stuðning við bak og höfuð. Olnbogar eiga að vera örlítið bogirnir og hendur ekki of hátt á stýrinu. Áður var talað um að best væri að hendur væru staðsettar klukkan 10 og tvö á stýrinu en í dag er frekar mælt með klukkan þrjú og níu. Einnig þarf að passa að halda ekki of fast um stýrið, hreyfa hendur og axlir reglulega og að höfuðpúði sé rétt staðsettur svo hægt sé að halla sér aftur að honum til að hvíla hálsinn.

Einnig þarf að huga vel að blóðflæði í fótum og staðsetningu þeirra, þar sem þeir hafa mikil á setstöðuna. Staða fóta á helst að vera þannig að hné sé ekki hærra staðsett en mjaðmir, hnésbætur eiga að vera 2-3 cm frá sætisbrúnni og að smá beygja sé á hnjám. Bílstjórinn á ekki að þurfa að teygja sig of langt fram í pedalana, heldur sé nokkuð áreynslulaust að stíga á þá án þess að mjóbakið færist frá sætisbakinu. Þá þarf að vera pláss milli læra og stýris svo hægt sé að hreyfa fæturna að vild til að viðhalda blóðflæði í fótum á löngum ferðum.

Sömuleiðis er mikilvægt að nota bakstuðninginn, halla sér aftur og að sætisbakið styðji við mjóbakssveigjuna, brjóstbak og höfuð. Sætið verður að vera í hæfilegri fjarlægð frá stýrinu,



Eygló Traustadóttir sjúkráþjálfari hvetur bílstjóra til að huga að því hvernig þeir sitja og hversu lengi í einu. MYND/STEFÁN

þannig að handleggir séu afslappaðir og olnbogar örlítið beygðir. Bakið á að snerta sætisbakið frá mjaðmasvæði og upp að herðablöðum. Stundum getur þurft auka stuðning við mjóbakssveigjuna ef mjóbakið snertir ekki sætisbakið, t.d. með litlu upprúlluðu handklæði eða litlum mjóbakspúða. Það er algengt að setstaðan sé ekki góð, oft hefur viðkomandi

vanið sig á að sitja skakkur eða sætið hreinlega ekki rétt stillt fyrir viðkomandi. Þá getur langvarandi hristingur í bílnum einnig haft slæm áhrif á bakið,“ segir Eygló.

Hún bætir við að oft sé hægt að hjálpa mikið með leiðbeiningum um hagkvæmari og betri vinnustöðu. „Þá getur einnig hjálpað að losa um vöðvaspennu í baki og fá leiðbeiningar um styrkjandi og

úthaldsaukandi æfingar svo bílstjórnarnir fái síður álagsverki við vinnuna. Bílstjórar þurfa að vera vel meðvitaðir um áhrif kyrrsetu á líkamann og mikilvægi þess að stunda reglulega hreyfingu utan vinnutímans. Þeir hafa ekki sömu möguleika og aðrir í kyrrsetuvinnu á að standa upp og geta síður breytt um vinnuaðstöðu en þeir sem sitja við skrifborð og geta til


dæmis valið hækkanlegt skrifborð. Það er einnig mælt með því fyrir bílstjóra sem eru í þungaburði líka að byrja ekki strax að afferma bilinn eftir langa keyrslu, heldur leyfa bakinu aðeins að jafna sig eftir setuna fyrst. Fyrstu einkenni um álagsverki eru oft verkir og þreyta í mjóbaki, herðum og hálsi sem versnar oft þegar liður á vinnudaginn en skánar við hvíld.“

555-8000 : velanaust.is

KÉLANAUST ehf



wallas®



Olíumiðstöðvar og ofnar í báta og sumarbústaði



Brenderup

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



**Frá
139.000,-
m/vsk**



**Frá
389.000,-
m/vsk**

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólfi undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhlíða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
 - Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
 - Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 2.835 kg.

**Frá
1.279.000,-
m/vsk**



Söluaðilar

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500



9.600 bílar á vegunum

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Samgöngustofu eru nú alls 9.600 vörubifreiðar og hópferðabifreiðar skráðar á götur landsins.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ísland er vinsælt árið um kring og sífellt fleiri ferðamenn sækja í að skoða gersemar íslenskrar náttúru. Á sama tíma þarf meiri þjónustu og fleiri vörur á áfangastaðina og til að sinna byggðum lands. Því er álag á þjóðvegum landsins og æ fleiri rútur og vöruflutningabílar í umferðinni. Hér gefur að líta fjölda algengustu bifreiða í helstu flokkum vörubifreiða og hópifreiða.

Í flokknum Vörubifreið I (N2) eru vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd 12.000 kíló eða minna. Flestar vörubílstegundirnar í

- Þessum flokki eru:
- Ford: 1237
 - Mercedes-Benz: 685
 - Dodge: 563
 - MAN: 212
 - Chevrolet: 190
 - GMC: 175
 - Iveco: 120
- Í flokknum Vörubifreið II (N3) eru vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd meiri en 12.000 kíló. Flestar vörubílstegundirnar í þeim flokkir eru:
- Scania: 1158
 - MAN: 844
 - Volvo: 753
 - Mercedes-Benz: 716
 - Iveco: 101

- Í flokknum Hópifreið I (M2) eru hópifreiðar með leyfða heildarþyngd 5.000 kíló eða minna. Flestu hópferðabílarnir í þessum flokki eru:
- Ford: 465
 - Mercedes-Benz: 343
 - Renault: 84
 - Toyota: 77
- Í flokknum Hópifreið II (M3) eru hópifreiðar með leyfða heildarþyngd meiri en 5.000 kíló. Flestu hópferðabílarnir í þessum flokki eru:
- Mercedes-Benz: 565
 - Iveco: 81
 - Irisbus: 80
 - Scania: 77
 - VDL: 68

Var sól þegar þú lagðir af stað?

Við vitum hvað íslenska veðrið getur breyst hratt. Upplýsingar um veður og færð í Flota hjálpa þér að taka upplýsta ákvörðun og vefmyndavélar sýna þér aðstæður á leiðinni í rauntíma.

Floti – sjáðu meira.

TrackWell • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • 5100 600

SÉRTILBOÐ Á FIAT ATVINNUBÍLUM



FIAT FIORINO

Flutningsrými 2.5m³

Burðargeta 556kg

Verð með aukahlutum

2.525.000 kr. m/vsk.

Tilboðsverð með aukahlutum
1.699.000 kr án vsk.
2.106.760 m/vsk.



FIAT DOBLO

Flutningsrými 3.4m³

Burðargeta 750kg

Verð með aukahlutum

3.225.000 kr. m/vsk.

Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk.
2.478.760 m/vsk.



FIAT DUCATO MILLILANGUR

Flutningsrými 11.5m³

Burðargeta 1500kg

Verð með aukahlutum frá

5.215.000 kr. m/vsk.

Tilboðsverð með aukahlutum frá
3.199.000 kr án vsk.
3.966.760 m/vsk.



FIAT DOBLO MAXI

Flutningsrými 4.2m³

Burðargeta 950kg

Verð með aukahlutum

3.475.000 kr. m/vsk.

Tilboðsverð með aukahlutum
2.099.000 kr án vsk.
2.602.760 m/vsk.



Hafið samband við sölumenn í síma 534-4433 og fáið nánari upplýsingar um tilboðin á Fiat atvinnubílum eða komið í reynsluakstur til okkar að Þverholti 6, Mosfellsbæ

Hamingjan býr í gömlum traktor

Ragnar Jónason kennari segir fyrstu ökuferðina þar sem hann sjálfur sat undir stýri hafa markað djúpt „hjólfar“ í huga hans. Það eigi við um marga sem sendir voru í sveit og fengu að keyra traktor. Að gera upp gamla traktora sé baktería sem menn losni ekki við svo glatt.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Við erum hérna nokkrir kallar að gera upp gamlar vélar. Margir okkar voru sendir í sveit í æsku og traktor því fyrsta vélknúna farartækið sem við fengum að keyra. Það markaði ákveðið „hjólfar“ í huga okkar. Sagt er að peningar veiti manni ekki hamingju, en verður maður ekki dálítið hamingjusamur ef maður kaupir sér gamlan traktor?“ segir Ragnar Jónasson, kennari og einn eldheitra áhugamanna sem leigja sér sameiginlega aðstöðu til þess að gera upp gamlar dráttarvélar. „Flestir erum við félagar í Fergusonfélaginu en þó ekki allir,“ segir hann. „Þarna erum við með tíu vélar í uppgerð, ein að klárast og sjö vélar

eru frágengnar í Viðhafnarstofunni eins og við köllum. Lokatakmarkið er misjafnt, allir vilja gera vélarnar gangfærar en skiptar skoðanir eru um það hvort gera eigi þær að háglansandi sýningargripum, vinnuvélum fyrir sumarbústaðinn eða leyfa sumum að bera þau sár sem þær hafa hlotið á 60 ára notkun,“ segir Ragnar. Á hans æskuárum var hann sendur í sveit norður í Villingadal, og tekur fram að bærinn hafi haft það nafn áður en hann kom þangað. Þar keyrði hann forláta Ferguson og dreymdi allar götur síðan um að eignast einn slíkan.

„Á ferðalögum um landið sá maður þessar gömlu vélar víða, gjarnan innan um gamalt járnarús. Eg var orðinn fullorðinn þegar ég lét loks verða af því að fá mér vél. Er að klára eina og önnur biður uppgerðar. Þetta er eins og sjúkdómur.“



„Sagt er að peningar veiti manni ekki hamingju, en verður maður ekki dálítið hamingjusamur ef maður kaupir sér gamlan traktor?“ segir Ragnar.



Mörg handtökin liggja á bak við hverja vél.



Ragnar Jónasson ásamt félögum sínum en þeir hafa komið sér upp aðstöðu til þess að gera upp gamlar vélar. Allir fengu þeir vélabakteríuna eftir að hafa verið sendir í sveit á unga aldri þar sem þeir fengu að keyra traktor.



Lokatakmarkið er misjafnt hjá félögunum. Allir vilja gera vélarnar gangfærar þótt þær endi ekki sem sýningargripir.



Gamall en glæsilegur Farmall nýuppgerður.

KÉLANAUST ehf

Ný og glæsileg varahlutaverslun
Sérhæfð fyrir atvinnubifreiðar og tæki



555-8000

Áhelli 8, 221 Hafnarfirði



DIESEL TECHNIC





Bíll Jarðlausna, MAN TGX 35.540 8x4-4, er útbúinn rafstýrðum girkassa og vökvadrifinni undirakstursvörn frá Hyva.



Húsið á Bíl Fóðurlöndunnar er af XLX-gerð og glæsilega búið í alla staði.

Kraftmiklir, traustir og góðir

Kraftur er stoltur söluaðili MAN-vörubíla og á einnig í góðu samstarfi við Spitzer-Silo og Hyva. Tveir glæsilega útbúnir MAN-bílar voru nýverið teknir í notkun hjá Jarðlausnum og Fóðurlöndunni.

Við erum einkar stoltir af nýja MAN TGX-bílunum sem við afhentum Fóðurlöndunni á dögunum, og ekki síst glæsilegri ábyggingunni sem er nýsmíði frá Spitzer-Silo, þeim trausta og flotta ábyggjanda í Þýskalandi,“ segir Grímur Fannar Eiríksson hjá Krafti.

Á nýjan bíl Fóðurlöndunnar er ábyggt siló frá Spitzer-Silo og billinn er vel útbúinn öllu því helsta sem þrýðir nýja vörubíla í dag.

„Þetta er kraftmikill bíll með 500 hestafla vél og skilar 2500nM. Húsið er af XLX-gerð, millihátt með vönduðum og góðum sætum, sem og þægilegu rúmi sem tryggir góða hvíld á langkeyrslum,“ segir Grímur.

Spitzer-Silo hóf starfsemi sína árið 1872 í Elztal Dallau í Þýskalandi. „Þar starfa nú 380 starfsmenn í 325 þúsund fermetra verksmiðju,“ útskýrir Grímur. „Spitzer-Silo framleiðir yfir 850 ábyggingar á ári sem settar eru á bíla, vagna fyrir dráttarbíla og kerrur. Þarna er því á ferðinni rótgróið og metnaðarfullt fyrirtæki sem vandar vel til verka og er mikils metið á heimsvísu,“ segir Grímur.

„Ég er sannfærður um að fleiri MAN-bílar verði ábyggðir hjá Spitzer-Silo í framtíðinni fyrir íslenskan markað. Nú þegar er komin reynsla á búnaðinn hjá Fóðurlöndunni sem gefur bæði bílunum og fódurtanknum stóran þumal.“

Jarðlausnir með nýjan MAN TGX 35.540 8x4-4

Kraftur afhenti Jarðlausnum nýverið nýjan bíl frá MAN, TGX 35.540 8x4-4.

„Bíll Jarðlausna er útbúinn öllu því helsta frá MAN, til dæmis rafstýrðum girkassa, sætisáklæði úr leðri og Alcantara og 7” snertiskjá í mælaborði með tengingu fyrir tvær bakkmyndavélar. Þá er loftpúðafjöldrun með vigtum að aftan og er billinn sjálfur um 14.000 kíló,“ útskýrir Grímur.

Það er einkar ánægjulegt að geta loks boðið Íslendingum upp á tjakka, þrepatjakka og glussakerfi frá Hyva sem stendur fyrir gott verð, frábæra vöru og gæða þjónustu.

Bíll Jarðlausna er einnig búinn 26 tonna (T26-60sk) krókheisi með beygjanlegum krók.

„Þá er hann með vökvadrifna undirakstursvörn frá Hyva, sem er færanleg um einn metra, og með bílunum kom einnig efnisgámur og vélafleti frá AMG í Póllandi.“

Einstök gæði frá Hyva

Kraftur skrifaði nýlega undir samstarfssamning við pólska framleiðandann Hyva og mun héðan í frá sjá um alla varahlutasölu og þjónustu fyrir Hyva.

„Hyva er einn af stærstu framleiðendum heims þegar kemur að tjökkum, þrepatjökkum og glussakerfum, og finna má vöru frá Hyva í bílkrönum, vörubílum, ruslabílum og vögnum,“ útskýrir Grímur.

Hyva var stofnað í Hollandi 1979 og er með framleiðslu í Þýskalandi, Brasilíu, Kína og Ítalíu. Starfsmenn eru hátt í 2.500 talsins, verksmiðjurnar þrettán og starfsemin í 130 löndum.

„Hyva framleiðir einnig vörubílskrana og skipakrana frá einum tonnmetra upp í áttatíu tonnmetra og krókheisi á allar stærðir vörubíla. Það er því ánægjulegt að geta boðið Íslendingum upp á Hyva sem stendur fyrir gott verð, frábæra vöru og gæða þjónustu,“ segir Grímur.

Kraftur er á Vagnhöfða 1. Sími 567 7100. Sjá nánar á kraftur.is



Grimur Fannar Eiríksson hjá Krafti við nýja MAN TGX bíl Fóðurlöndunnar.



Bíll Jarðlausna er með loftpúðafjöldrun með vigtum að aftan og búinn 26 tonna krókheisi með beygjanlegum krók.

Langir dagar á Vellinum

Vinnudagarnir voru langir flesta daga vikunnar hjá Stefáni Ólafssyni sem starfaði í rúma hálfa öld uppi á Keflavíkurflugvelli við stjórn ýmissa vinnuvéla. Árið 1958 hélt hann ásamt níu öðrum mönnum til Bandaríkjanna í tólf vikna vinnuferð þar sem nokkrir af stærstu vinnuvélaframleiðendum heims voru heimsóttir.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Keflvíkingurinn Stefán Ólafsson starfaði í rúma hálfa öld uppi á Keflavíkurflugvelli við stjórn ýmissa gerða vinnuvéla við ólík verkefni og störf. Upphafið má rekja til þess að Stefán sótti námskeið í meðferð vinnuvéla hjá Vegagerð ríkisins fyrri hluta árs 1954. „Námskeiðið var haldið í Hafnarfirði, milli Engidals og lækjarins í bænum. Námskeiðið stóð yfir í þrjár vikur en ég komst þar inn gegnum kunningja minn hjá Íslenskum aðalverktökum. Umræddar vinnuvélar voru eign varnarliðsins og í framhaldi af námskeiðinu var mér boðin vinna hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli haustið 1954. Þar vann ég fyrst um sinn við snjómokstur og hálkuvarnir á flugbrautum.“

Framandi staður

Það voru mikil viðbrigði fyrir Stefán að hefja störf á Keflavíkurflugvelli 1954 sem var mjög framandi staður fyrir flesta landsmenn á þeim tíma. „Þetta var ótrúlega mikil upplifun, t.d. að koma í fyrsta skiptið út á flugbraut á sanddreifaranum og öðrum vinnuvélum en ekki síður að sjá ljósin á flugbrautunum í allri sinni dýrð en á þessum tíma var flugvöllurinn orðinn frekar stór.“

Vorið 1955 hóf hann störf hjá Sameinuðum verktökum, fyrirrennara Íslenskra aðalverktaka. „Þar vann ég á jarðýtum og öðrum vinnuvélum, m.a. við malarvinnslu í Stapafelli á Reykjanesi. Síðar varð ég aðstoðarverkstjóri í jarðvinnu við lagningu flugbrauta í um tvö ár en flutti mig síðan um set og var verkstjóri í eitt ár við NATO olíustöðina í Hvalfirði. Þaðan hélt ég aftur upp á Keflavíkurflugvöll, fyrst sem malbikunar- og jarðvinnuverkstjóri til fjölda ára og síðustu 20 árin, frá 1985-2005, sem byggingstjóri við jarðvinnuverk.“

Heilmikið ævintýri

Árið 1958 hélt Stefán ásamt níu öðrum mönnum í um tólf vikna ferð til Bandaríkjanna þar sem


hópurinn heimsótti m.a. nokkra af stærstu vinnuvélaframleiðendum heims. „Þessi ferð var farin í tengslum við Marshall-aðstoðina og hópurinn minn var sá síðasti sem fór út. Hópurinn heimsótti m.a. Caterpillar, General Motors og Lorain. Ferðin byrjaði á Reykjavíkurflugvelli og þaðan flugum við til New York og svo áfram til Washington þar sem við sóttum fyrirlestra í sjó daga. Þaðan tókum við lestina til Chicago og heimsóttum fyrsta fyrirtækið. Einnig heimsóttum við Milwaukee og Detroit. Yfirleitt dvöldum við um hálfan mánuð hjá hverju fyrirtæki þar sem við sóttum ýmis námskeið og einnig sýningar. Fyrir 21 árs gutta úr Keflavík var þetta auðvitað heilmikið ævintýri enda hafði ég aldrei áður farið til útlanda.“

Ólíkar vinnuvélar

Eins og gefur að skilja vann Stefán við mjög fjölbreyttan vélakost á þessum fimm áratugum. „Vinnuvélarnar sem notaðar voru á Keflavíkurflugvelli voru yfirleitt mjög góðar og sjálfsagt miklu betri en þekktist annars staðar á landinu á sama tíma. Meðal þeirra vinnuvéla sem ég vann á má nefna jarðýtur og víraýtur frá Caterpillar, 36 tonna glussavélar, Bröyt skurðgröfur sem voru fremur litlar vélar, Caterpillar veghefla, Síta Rapid malbikunarvélar og stóra Lorain beltakrana. Eftirminni-legasta vinnuvélin var þó 36 tonna Caterpillar D9 sem var sannarlega alvöru vél og fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Miðað við hana voru fyrrnefndar vinnuvélar fornar, kaldar og leiðinlegar.“

Sá börnin sofandi

Þessi tími var að stórum hluta góður fyrir hraust og vinnusamt fólk enda næg vinna á vellinum lengst af. „Í minningunni ein-kenndust þessir áratugir af mikilli vinnu og löngum vinnudögum. Vinnudagurinn hjá mér hófst yfirleitt kl. 7.30 og stóð yfir til kl. 18.30. Mjög oft var unnin yfirvinna og þá jafnvel til kl. 23.30. Því sá maður ekki mikið af fjölskyldunni, sérstaklega yfir sumarið, en þá sá ég yfirleitt börnin mín bara sofandi.“



Á skólabekk hjá Caterpillar í Illinois árið 1958. Stefán er annar frá vinstri í hópni nemenda.



Keflvíkingurinn Stefán Ólafsson starfaði í rúma hálfa öld uppi á Keflavíkurflugvelli.



Sýnikennsla á Caterpillar girkassa. Stefán er annar frá hægri í fremri röð.

Breitt úrval atvinnutækja



Compair loftpressur



Stema kerrur

Til sjós eða lands
Við græjum það



asafi.is
ÁSAFL

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opið 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833



JCB Hydradig

Bylting í hönnun á hjólagröfum.



Útsýni • Lipurð • Hraði • Sparneytni

Hörð samkeppni í rafknúnum vörubílum

Bílaframleiðandinn Tesla er að reyna að festa sig í sessi sem aðalframleiðandi rafknúinna vörubíla rétt eins og fólksbíla, en samkeppnin er mjög hörð og miklar breytingar líklegar á næstu árum.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Bílaframleiðandinn Tesla vakti mikla athygli þegar hann kynnti vöruflutningabíla sína í nóvember síðastliðnum, en Elon Musk og félagar eru ekki þeir einu sem vilja breyta framtíð vöruflutninga. Töluvert margir framleiðendur, bæði stórir og þekktir og smáir og nýir eru að reyna að hasla sér völl á markaðnum með sínar eigin útgáfur af rafknúnum vörubílum.

Strætisvagnar breytast fyrst

Tesla tekur nú við forpöntunum á nýju bílunum af miklum móð en fleiri hafa náð athygli kaupenda og klófest arðbæra sölusamninga. Sprotafyrirtækið Proterra seldi t.d. 25 rafhlöðuknúna strætisvagna til samgönguráðuneytis Los Angeles-borgar og framleiðandinn BYD seldi strætisvagna til samgönguráðuneytis Los Angeles-sýslu fyrir 136 milljónir dollara. Matt Horton, forstjóri Proterra, segir að strætisvagnaferðir henti sérlega vel fyrir rafhlöðuknúna bíla af ýmsum ástæðum og því verði þær algjörlega rafknúnar á undan öðrum hlutum flutningageirans.

Nú þegar eru um 10% af strætisvögnum, sem samgöngufyrirtæki í Bandaríkjunum panta, rafknúin, en framleiðendur reikna með að salan aukist þegar frammistaða vagnanna batnar, ekki síst af því að rekstrar-kostnaður þeirra er mun lægri en hefðbundinna bíla.

Fögur fyrirheit Tesla

Langflutningar eru erfiðir fyrir rafhlöðuknúna bíla, því þeir þurfa að fara langar vegalengdir með þungan farm. En Tesla segir að vörubílar þeirra geti keyrt um 800 kílómetra á einni hleðslu, sem er óvenju mikið, og að þeir borgi sig upp á tveimur árum því þeir spari svo mikið í eldsneytiskostnaði. Þetta hefur heillað mörg stór fyrirtæki, sem hafa forpantað græjuna.

Verðmiðinn á bílunum er heldur ekki mjög hár, en gerðin sem á

að komast 800 kílómetra á einni hleðslu kostar um 18 milljónir króna. Þeir eru líka mun ódýrari í rekstri en dísilbilar og þetta heillar fyrirtæki með stóran bílaflota. Svo má ekki gleyma því að það litur vel út að vilja hafa góð áhrif á umhverfið.

Enn um sinn er samt mörgum spurningum varðandi frammistöðu vörubíla frá Tesla ósvarað. Næstu ár leiða svörin í ljós en á sama tíma gera margir aðrir sig breiða.

Gríðarleg samkeppni

Eins og áður sagði er BYD eitt af þeim fyrirtækjum sem er í samkeppni við Tesla. Það framleiðir og selur rafmagnsknúna öskubíla, sendibíla, strætisvagna og trucka sem eru notaðir við að afferma skip.

Cummins er annar samkeppnisaðili á þessum markaði, þrátt fyrir að hafa sterka stöðu meðal framleiðenda dísilbíla. Bílarnir þeirra eiga að geta dregið 22 tonna tengivagna og verða seldir til fólks- og vöruflutningafyrirtækja á næsta ári.

Daimler er þegar byrjað að selja rafmagnsknúna sendibíla um allan heim og lofar nýjum vörubíl sem getur farið yfir 320 kílómetra á einni hleðslu eftir tvö til þrjú ár.

Volvo Group, sem á bæði Volvo Trucks og Mack Truck vörumerkin, er bæði að vinna í tvinnbíl og hreinri og skilvirkari dísilvélu, en segist einnig ætla að fara að selja rafknúna vörubíla í millistærð í Evrópu á næsta ári.

Thor Trucks, sprotafyrirtæki frá Los Angeles, er að prófa sína eigin rafknúnu vörubíla sem eiga að komast um 480 kílómetra á einni hleðslu. Thor Trucks hefur bara 17 starfsmenn svo fyrirtækið vill vinna með öðrum vörubílaframleiðendum til að minnka framleiðslukostnað.

Þá er verið að prófa vetnisbíla Toyota á hafnarsvæði Los Angeles, Einride ætlar að setja sjálfkeyrandi vörubíl sem skapar engan útblástur á veginum í Svíþjóð árið 2020 og framkvæmdastjóri Navistar fullyrðir að fyrirtæki hans verði með fleiri rafbíla á götunum en Tesla árið 2025. Enn aðrir framleiðendur, eins og Nikola og Kenworth, ætla einnig að



Disilknúinir vörubílar gætu brátt heyrst sögunni til.



Elon Musk, yfirmaður Tesla, ætlar sér stóra hluti á vörubílamarkaðnum.

blanda sér í samkeppnina, svo það er ljóst að vörubíll Tesla hefur mjög mikla samkeppni.

Það verður því ekki auðvelt fyrir Tesla að skapa sér eins ráðandi stöðu á vörubílamarkaðnum eins og því hefur tekist á fólksbílamarkaðnum. Vörubílar Tesla verða að standast strangar kröfur ef fyrirtækið ætlar ekki að láta samkeppnisaðilana keyra fram úr sér.



Á allra næstu árum má búast við miklum breytingum í framboði á rafknúnum vörubílum. NORDICPHOTOS/GETTY

555-8000 : velanaust.is

VELANAUST ehf

TOPA



Vönduð verkfæri sem hlotið hafa lof hjá íslenskum verktökum

Fleygar, krabbar, klippur og vibro ripper frá Topa



Fagmenn Volvo atvinnutækja eru spenntir fyrir glænýju og frábærlega vel útbúnu verkstæði. MYND/ANTON BRINK



Þessi EW60E hjólagrafa er til á lager Volvo atvinnutækja. MYND/ANTON BRINK



Svona mun nýja húsnæðið í Hádegismóum líta út. MYND/BRIMBORG

Spennandi afmælisár hjá Volvo atvinnutækjum

Það verða miklar breytingar á þjónustu við Volvo atvinnutæki hjá Brimborg í ár. Öll starfsemi atvinnutækjasviðs flytur í glæsilegt nýtt húsnæði að Hádegismóum 8 þar sem boðið verður upp á fjölbreyttari þjónustu við Volvo atvinnutæki stór sem smá.

Í ár eru 30 ár síðan Brimborg tók við Volvo vörumerkinu og undanfarin 19 ár hefur þjónustan farið fram á Bildshöfða 6 en Brimborg flutti sína starfsemi árið 1999 úr Skeifunni í nýjar höfuðstöðvar að Bildshöfða 6. Starfsemin hefur vaxið mikið á undanförunum árum svo nú stendur til að flytja alla starfsemi Volvo atvinnutækja og þjónustu við þau í nýtt og glæsilegt sérhannað húsnæði að Hádegismóum 8 og verður reksturinn þar undir nafninu Veltir. Starfsfólk Volvo atvinnutækjasviðs er spennt fyrir flutningunum og breytingunum sem fylgja nýrri og glæsilegri aðstöðu sem verður þar fyrir starfsfólk sem og viðskiptavinum. Steft er á að flutningur Volvo atvinnutækjasviðs þ.e. söludeild nýrra og notaðra atvinnutækja, varahluta og þjónustuverkstæða, verði í maí/júní í sumar.

„Brimborg selur og þjónustar Volvo atvinnutæki frá Volvo Trucks, Volvo CE, Volvo Penta og Volvo Bus. Hvert vörumerki með sínar vörur og tegundir tækja og hver tegund með sína nálgun,“ segir Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri Volvo atvinnutækjasviðs. „Sem dæmi hjá Volvo CE vinnuvélunum þá seljum við hjólagröfur, beltagröfur, hjólastóflur, malbikunarbúnað, valta, smágröfur og námutrukka og margar stærðir eru til í hverjum flokki. Alls eru í boði meira en 100 tegundir vinnuvéla hjá Volvo CE.“

Þjónusta við atvinnutæki

„Það var mikið að gera hjá okkur á síðasta ári og fátt bendir til annars en að það verði það líka á þessu ári,“ segir Kristinn. „Það er enn til staðar uppsöfnuð þörf á endurnýjun á tækjaflothanum í atvinnutækjum, bæði vörubílum og vinnuvélum. Samkvæmt skráningartölum vinnuvéla vorum við markaðsleiðandi á síðasta ári í þeim flokkum vinnuvéla þar sem við getum boðið tæki



Ólafur Árnason, sölustjóri atvinnutækja, Jóhann Rúnar Ívarsson, þjónustustjóri atvinnutækjasviðs, og Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs, eru spenntir fyrir nýja húsnæðinu. MYND/ANTON BRINK

frá Volvo CE.

Það er mikil sérþekking og áralöng reynsla hjá okkur, bæði í sölu og þjónustu,“ segir Kristinn. „Það skiptir viðskiptavinum okkar gríðarlegu máli að við getum boðið góða þjónustu og séum fljótir að bregðast við ef tækin stoppa, auk þess sem það þarf að þjónusta tækin á reglubundinn hátt. Það getur verið dýrt ef það verður ótímabært stopp á atvinnutæki og því skiptir miklu máli að fyrirbyggjandi þjónusta eigi sér stað.“

Klæðskerasniðin Volvo atvinnutæki

„Atvinnutækin sem við pöntum eru almennt klæðskerasaumuð fyrir hvern og einn viðskiptavin en við reynum líka að eiga einhver tæki til á lager,“ segir Kristinn. „Í dag eigum við til að mynda jarðvegsvaltara af gerðinni SD115B og litla hjólagröfu af gerðinni EW60E en þessi tæki væri hægt að afhenda með skömmum fyrirvara.“

Viðskiptavinir okkar hafa mismunandi þarfir og kröfur varðandi

búnað og þann aukabúnað sem er í boði hjá framleiðanda,“ segir Kristinn. „Í langflestum tilfellum koma menn til okkar og við setjumst yfir það hvernig útbúnað aðilar vilja með viðkomandi Volvo vörubifreið, vinnuvél, rútu eða bátavél. Þessi ferill, frá því að menn koma í fyrsta sinn og eru að velja fyrir sér kaupum á Volvo atvinnutæki, getur tekið nokkra mánuði. Síðan þegar ákvörðun liggur fyrir er tækið pantað beint frá framleiðanda sem framleiðir tækið sérstaklega fyrir þennan ákveðna viðskiptavin.“

Volvo atvinnutæki flytja í nýtt húsnæði

„Við erum að byggja undir starfsemi okkar að Hádegismóum 8 í dag. Við erum langt komnir með það verkefni og stefnum á að opna þar í maí eða júní,“ segir Kristinn. „Við erum að flytja alla okkar starfsemi sem tengist Volvo atvinnutækjunum og allar deildir Volvo atvinnutækja verða því undir sama þaki, sem á að bæta sambandið og samskiptin milli allra deilda.“

Við verðum með söludeild nýrra og notaðra atvinnutækja, þjónustuverkstæði, sölu varahluta atvinnutækja og vöruhús fyrir atvinnutækjavarahlut,“ segir Kristinn. „Í tengslum við vöruhúsið og þjónustuna við varahlutina verður nýr vöruturn til staðar sem á eftir að bæta flæði varahluta inn á verkstæðin hjá okkur og til okkar viðskiptavina. Vöruhúsið verður staðsett niðri á jarðhæð og lagerstarfsmenn koma til með að fæða vöruturninn þar og á hæðinni fyrir ofan eru síðan varahlutirnir færðir inn á verkstæði og til viðskiptavina úr vöruturninum. Þannig verður allt flæði og utanumhald um varahlutina betra.“

Volvo atvinnutækjaverkstæði í Hádegismóum verður talsvert stærra í fermetrum en við höfum í dag að Bildshöfða,“ segir Kristinn. „Við ætlum að bjóða upp á meiri þjónustu en áður. Við verðum með hjólastillingabúnað, framrúðisætningar, löggildingu á ökuritum, mjög fullkominn bremsuprófunarbúnað og fleira. Þetta verður mjög vel tæknilega útbúið verkstæði allt til þess að þjónustan gangi sem allra best fyrir sig.“

Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr hjá fagaðilum sem vilja starfa með okkur á nýja verkstæðinu,“ segir Kristinn. „Okkar fagmenn eru spenntir fyrir því að hefja vinnu á glænýju og frábærlega vel útbúnu verkstæði þar sem þeir geta sinnt fjölbreyttum verkefnum.“

Úthugsuð hönnun

„Hönnunarferlið á nýja húsnæðinu hefur tekið langan tíma og margir komið að því, starfsmenn sem og fagaðilar. Allt miðast við að flæðið verði sem allra best fyrir okkar viðskiptavini og vinnan í kringum atvinnutækin stór sem smá gangi sem allra best,“ segir Kristinn. „Við höfum líka hugað að því að aðstaða-

an fyrir starfsfólk og viðskiptavinum verði sem best. Viðskiptavinir eiga að geta komið og slakað á meðan þeir bíða eftir að fá tæki afhent eða á meðan dyttad er að þeim.“

Staðsetningin er líka frábær, aðkoma mjög góð frá stofnbraut og húsnæðið verður vel merkt svo það verður auðvelt að finna okkur,“ segir Kristinn.

VELTIR í Hádegismóum – Framúrskarandi þjónusta í nýju húsnæði

„Reksturinn á Volvo atvinnutækjasviðinu í Hádegismóum verður undir nafninu Veltir og við ætlum líka að byrja með nýja deild þar sem heitir Veltir Express,“ segir Kristinn. „Höfuðstöðvar Brimborgar bílaumbóðs í Reykjavík verður hins vegar áfram á Bildshöfða.“

Veltir Express mun bjóða upp á hraðþjónustu, svo menn geti komið á sínum atvinnutækjum án þess að panta tíma og fengið þjónustu sem á ekki að taka langan tíma þ.e. smurþjónustu, dekkþjónustu og eftirvagna- og bremsuviðgerðir á þeim,“ segir Kristinn. „Verkstæði Veltis sinnir aftur á móti öllum stærri viðgerðum.“

Frumherji verður með sérhæfða skoðunarstöð fyrir atvinnutæki í austurendanum hjá okkur í Hádegismóum,“ segir Kristinn. „Það hentar mjög vel, bæði fyrir okkur og viðskiptavinum okkar. Það verður því margt í boði á einum stað og allt hugsað til að gera lífið þægilegra fyrir viðskiptavinum okkar.“

Á þessu ári eru líka þrjátíu ár síðan Brimborg tók við Volvo vörumerkinu og níutíu ár frá því að fyrsta Volvo Trucks vörubifreiðin var framleidd, því verður fagnað í ár um leið og við flytjum í nýtt húsnæði,“ segir Kristinn.

Volvo atvinnutæki, sími: 515 7070.



Náttúruvænni handsápa

Plastagnir í hand-sápu enda úti í náttúrunni eins og annað sem við skolum ofan í vaskinn. Slíka sápu er gjarnan að finna þar sem unnið er með smurningu, eins og á bifreiðaverkstæðum henni er einfalt að skipta út fyrir náttúruvænni kost. Sykur og kaffikorgur geta gert sama gagn, sé þeim blandað saman við olíu og fleira sem finnst í eldhússkápum. Á kaffistofunni á verkstæðinu ætti til dæmis að vera nóg af kaffikorg og sykri.

Kaffiskrúbbur

½ bolli kókosolía
3 msk. kaffikorgur
3 msk. sykur

Kókosolían á að leysa upp fitu og smurningu og gefur einnig höndunum raka og næringu. Grófur sykurinn og korgurinn skrapa óhreinindin burt. Ef engin er kókosolían á kaffistofunni er líka hægt að blanda sykri og kaffikorgi út í ólífúolíu eða grænmetisolíu. Safi úr sítrónu vinnur líka vel á fitu.

Aðferð:

Blandið einfaldlega innihaldinu saman í skál. Nuddið hendurnar með vænum skammti af skrúbbnum þar til smurningin og óhreinindin fara að leysast upp og skolið þá með volgu vatni. Í lokin má þvo eina umferð með hand-sápu (án plastkorna) ef kókosolían situr eftir á höndunum.

Hunangsskrúbbur

½ sítróna
½ bolli sykur
1 msk. ólífúolía
1 msk. hunang

Kreystið safann úr sítrónunni í skál og hrærið öll innihaldsefnin saman við.

Haframjölsskrúbbur

¼ bolli haframjöl
⅛ bolli hunang
⅛ bolli ólífúolía
Hrærið allt saman í skál.



Ekki sofna við stýrið

Ekki þarf að spyrja að leikslokum ef ökumaður sofnar undir stýri.

Hér eru nokkur merki þess að rétt sé að stöðva bílinn úti í kanti ef erfitt reynist að halda einbeitingu, dagdraumar sækja á og hugurinn reikar.

Gott ráð er að leggja sig áður en lagt er af stað í langferð. Einnig er gott að stöðva bílinn einhvers staðar á miðri leið ef svefninn sækir að og halla sér í nokkrar mínútur.

Gott er að hafa ferðafélaga og

skiptast á við aksturinn. Það eru einnig minni líkur á að sofna ef samræðurnar eru liflegar.

Ekki ætti að flýta för. Það er betra að koma seint á áfangastað en alls ekki.

Versti timinn til þess að leggja af stað er eftir miðnætti þar sem líkamsklukkan vill að við förum að sofa.

Sterkt kaffi gæti hjálpað og iskalt vatn í brúsa.

Þá gæti verið gott að hafa eitthvert snakk meðferðis til að maula.



TRAUSTIR OG STERKBYGGÐIR VINNUFÉLAGAR

þegar mikið stendur til



SCANIA
er mest seldi
vörubíllinn á
Íslandi árið 2017
— enn og aftur



Þar sem
áreiðanleikinn
skiptir öllu máli
treysta menn á



KLETTUR